



Reykjavík 26. febrúar 2021

Niðurstaða athugunar á eiginfjárskýrslu Landsbankans hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf í janúar 2020 athugun á eiginfjárskýrslu Landsbankans hf. Niðurstaða lá fyrir í desember 2020. Athugunin var hluti af þemaathugun Fjármálaeftirlitsins hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verklag bankans við framsetningu á tilteknum þáttum í eiginfjárskýrslu bankans væri í samræmi við kröfur í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og reglugerð nr. 233/2017, um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, sbr. reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR).

Athugunin var framkvæmd með þeim hætti að valin voru úrtök úr afmörkuðum hluta eiginfjárskýrslu bankans m.v. 31. desember 2019 og kannað sérstaklega hvort bankinn uppfyllti eftirfarandi kröfur og hvort verklag bankans staðfesti að bankinn starfaði í samræmi við þær:

1. Ákvæði 24. gr. reglugerðar nr. 233/2017 við flokkun lána einstaklinga, lítilla og meðalstórra fyrirtækja í 75% áhættuvog.
2. Ákvæði 25. gr. reglugerðar nr. 233/2017 þegar lán tryggð að fullu með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði á Íslandi eru flokkuð í 35% áhættuvog.
3. Ákvæði 25. gr. reglugerðar nr. 233/2017 þegar lán tryggð að fullu með veði í viðskiptahúsnæði á Íslandi eru flokkuð í 50% áhættuvog.
4. Ákvæði 40. gr. reglugerðar nr. 233/2017 að nota megi frádrátt vegna öruggra eignaliða við útreikning fjárhæðar áhættuskuldbindinga fyrirtækja.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að skjalfest aðferðafræði bankans varðandi flokkun lána í áhættuvogir og útfylling á flipum fasteignaveðlána og fyrirtækja í eiginfjárskýrslu bankans væri ekki að fullu í samræmi við framangreindar kröfur í lögum nr. 161/2002 og reglugerð nr. 233/2017, sbr. CRR.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að skjalfesting á verklagi og framkvæmd við flokkun lána með veði í viðskiptahúsnæði væri ekki fullnægjandi; að ekki væri lagt mat á hæfi fjárhagslegra trygginga sem notaðar væru til mildunar útlánaáhættu og að ekki væri til staðar verklag því tengt; að ekki væri tekið tillit til áhrifa fyrri veðrétta við útreikning á áhættugrunni í kerfum bankans; að verðmæti veðsettra fasteigna til tryggingar skuldbindingum yfir 3 milljónum evra eða yfir 5% af eigin fé bankans væri ekki metið af óháðum aðila og að eftirlit með að veðsettar fasteignir væru tryggðar með fullnægjandi hætti væri ábótavant.